



Flatey

- == VECUR
- GÖNGUSTÍGUR
- ☁ MÝRI

Formínjar

- GREINILEGAR MÍNJAR
- ÓGREINILEGAR MÍNJAR
- ☼ HÓLAR
- ▲ VÖRDUR

VEGALENGDIR



GÖNGUTÍMI Á ÞEGILEGUM HRADÁ

Fornleifar

1 Mæjarhöll og Kirkjugarður

Míli núverandi kirkju og kirkjugarðs er bæjarsteði Miðbæjar sem var eitt helsta býlið í Flatey, líklega allt frá landnámi. Hér eru miklar minjar undir sverði sem tegja sig langt inn í kirkjugarðinn, en þar hefur oft verið komið niður á mannistavirði þegar grafir hafa verið teknar. Tveggis hefur farið fram fornleifauppgöfður á staðnum. Í annað skiptið var grafið norðanvert í hölnum og fundust þá minjar frá 17-19. öld. Heldur sunnar hafa hins vegar fundist minjar, þar á meðal mikið af fisk- og dyrbæinum í sorphaug, sem ná allt aftur á 13. öld. Með því að skoða samsetningu beina má m.a. fá mynd af áherslun í búskap og fiskveiðum. Miðbærinn var rífinn árið 1873 og eftir það hefur ekki verið búið á hölnum. Eldri kirkja var inni í kirkjugarðinum norðvestanverðum. Lítið sér fyrir henni en hún var rífin þegar núverandi kirkja var reist 1926.

2 Kirkja og bókhlaða

Tví áberandi hús standa á hryggnum austan við gamla bæjarsteði Miðbæjar: kirkja og bókhlaða. Bókhlaðan er einstakt mannvirk. Hún var reist árið 1864 fyrir tilstilli Flateyjarfarfarastiftunar, en sú stofnun hafði það að markmiði að efla uppbyggingu, söðugæð og dugnað Flateyjarhreppi. Bókasafn stofnunarinnar var hýst í húsinu í rum 90 á. Upphaflega stóð bókhlaðan þar sem Flateyjar kirkja stendur nú en var flutt um sett til austurs þegar kirkjan var reist árið 1926. Hana teiknaði Guðjón Samúelsson. Þessi mannvirk, sem standa á hryggnum Flateyjar, eru bæði einstaklega stæðleg og vönduð og sjást langt af.

3 Húsin í Þlassinu

Upphaf þéttbýlismyndunar í Flatey má rekja allt aftur til verslunar Englandsinga og síðar Þjóðverja í eyrni á síðari hluta 15. aldar og 16. öld. Þeim rekstri fylgdu verslunarbúðir og fleiri mannvirk sem líklega voru þar sem þéttbýlið stendur enn, upp af Grylluvogi. Eftir að einokunarverslun Dana hófst 1602 lagðist verslun í eyrni af að mestu fram til 1777 þegar hún var lögð til sem verslunarstaður. Þéttbýlið í Flatey var oftast kallað Þlassið. Í megindráttum má skipta Þlassinu í tveit, annars vegar elsta kjarnann við Grylluvog en húsin sem þar standa nú eru flest reist fyrir 1908 og tilheyrðu kaupmönnum og fyrirlöku auk þess sem þar stóðu þakkhús og verðshús. Hins vegar eru húsin austan við þorskjarnann, á sjávarbakka- og umhverfis Skansmýri sem eru sum hver reist á grunnri torfbæja. Þau eru almennt heldur yngri og tilheyrðu gjarnan alþýðufólki. Elstu húsin Flateyjar sem enn standa eru tvö sambyggt húsin austan við Grylluvog, Hermannshús (byggt 1843) og Herðarshús (byggt 1851), áður nefnt Gunnlaugshús. Í húsinum var m.a. rekin verslun um árabl. Nýlega var Þlassið og nágrenni skilgreint sem verndarsvæði í byggð.

4 Silfurgarður og Grylluvogur

Þorpið í Flatey byggðist upp við Grylluvog sem talinn er draga nafn sitt af erðri innisiglingu. Árið 1833 lét Guðmundur Scheving kaupmaður í Flatey byggja garð fyrir mynni vogsins sem gjörfreytti innisiglingunni og gerði Grylluvog að lygnum vogi. Því þótti mönnum við hæfi að fella niður Grylluhlutann af betri hans og nefna hann einfaldlega Voginn. Guðmundur borgaði vinnuómönnum launin í silfri og varð það til þess að heitið „Silfurgarður“ festist við garðinn. Á þeim tíma sem Silfurgarðurinn var reistur þótti hann eitt mesta hafnarmannvirk í Íslands. Garðurinn telst til fríðlýstra fornleifa.

5 Hafnarey

Hafnarey er hálfmálalegð eyja undan landi, til móts við Þlassið. Þar voru góð hafnarskilyrði frá náttúrunnar hendi. Þessi náttúrulega höfn var ein aðal forsenda þess að Flatey þótti skjósanlegur verslunarstaður á fyrri öldum og þéttbýli þróaðist í eyrni. Þar var hægt að svinbinda skip, þ.e. festa þau með tveimur landfestum og tryggja þannig öryggi þeirra. Það dugði þó ekki alltaf til. Neðansjávar í höfninni hvíla a.m.k. tvö skipsflak frá fyrri öldum. Annað þeirra, Mjaltastúlkan eða Melckmeit var höllenskt skip sem sókti í september árið 1659 og hafa fornleifarannsóknir neðansjávar m.a. leitt í ljós talaverðan fjölda af höllenskum leirkerjum og öðrum varningi sem ætlaður var til sölu.

6 Þýskavör

Aðrir Þjóðverja á verslun og neyslu hér á landi voru talenverð á seinni hluta 15. aldar og þeirri sextándu. Er þetta tímabil gjarnan kennt við þá og nefnt Þýska öldin. Hannakaupmenn stunduðu verslun í Flatey á þessu tímabili, löngu áður en þéttbýlismyndun hófst að nokkru ráði á staðnum. Lítilar minjar eru sýnilegar um þátt þeirra í sögu eyjunnar en verslunarhúsið Þjóðverja eru talin hafa staðið þar sem yngri verslunarhús rísa síðar. Þar sést tótfir nið búið allt fram á síðari hluta 18. aldar. Þýskavör er annar minnivariði um veru Þjóðverja í Flatey en talið er að Þjóðverjar hafi fyrst rutt vörina og sprengt klettana þar ofan við og skipað þar upp vörum sínum.

7 Byggð á sunnanverðri eyrni

Elstu býli í Flatey voru flest uppi á háhrygg eyjunnar eða á henni sunnanverðri. Þar var stærstur Miðbær, vestan við kirkjuna sem nú er, og austan við hann voru fleiri býli, t.d. Garðar og Klausurhöll, en hún standa. Stærst býli sunnan til á eyrni, a.m.k. á 19. öld var Hólabú, en hún stóð á hjál sunnan við húsið Krakavör. Þar voru sagðar 57 húdir á jörnum um 1840, sem segir okkur að bærinn hafi verið veglegur. Austan við hölinn sést greinilega ferhyrindur kálgarður sem stóð framán við húsið á milli, Norskubúð. Þar bjó n.a. Gíslí Konráðsson sagnariitari fram til ársins 1879. Enn austar var Naustabúð, sem nú er horfin - og eru þá ekki öll býli upptalin.

8 Þurrabýli í Flatey

Mörg af þeim býlum sem stóðu í Flatey á 19. öldu voru þurrabúðir, þ.e. býli sem höfðu engar grasnytjar. Eitt þeirra nefndist Hjallur en þar sjást nú engin ummerki um bæ, aðeins þrískiptur kálgarður. Í Hjalli var búið fram yfir 1890. Sunnan við Hjall sést greinileg rúst af fjárhúsi sem tilheyrði Innstaba en það var eitt hinna stærri býla í Flatey og stóð nokkuð sunnar. Þarna er einnig vítað um tvær nafngreindar þurrabúðir til víðbótar, Úgarð og Miðhús.

9 Klausursteinn

Klausursteinn er talinn hafa staðið við rústin sem sást á yfirborði fram á 23. öld og voru ýmist taldar af klaustri eða fornum kirkjugarði. Þær hafa nú verið skéttaðar út þóð vafalaust leyntist minjar undir yfirborði. Bolli er greinilega höggvinn í steininum og á 19. öld var talið að í honum hefði verið vígt vatn við inngang í klausurgarð. Ágústínusarklaustur var reist í Flatey 1172 en stóð þar aðeins til 1184, er það var flutt að Helgafelli.

10 Sumarfjós og garðlag

Hér standa veggir af sumarfjósi Boga Guðmundssonar sem var að líkindum reist upp úr 1930. Bogi rak verslun og veitingasölu í Flatey um skeið. Í því hafa fyrir verið mjólkadaur og beitarland þeirra verið hér austur af. Skammti vestan við fjósveggina eru leifar af garðlagi sem hefur legið þvert yfir eyrni frá norðri til suðurs. Það virðist fornt að stofni til og hefur skilið heimalandið frá úthaganum og haldið búsmála frá tünnum og byggð. Sú skipting virðist í aðalatriðum hafa ráðið landnyttun allt til nútíma.

11 Útbúðarsteinn

Sagt er að Útbúðarsteinn dragi nafn sitt af því að hér hafi börn verið borin út, jafnvel á þeim tíma sem klaustur var rekið í Flatey á 12. öld. Heimrir sagan að reimt hafi verið á staðnum og heðan hafi heyrst ámtæg vein á undan vöndum veðrum.

12 Nátthagi/Búfræðingur

Austasti hluti Flateyjar er ofast nefndur Eyjarendi. Á svæðinu var æðarvarg en það var einnig nýtt fyrir útbéti á sumrin og bera minjar og örnefni þess vitni. Um aldamótin 1900 var hlaðið þar gerði sem einfaldlega var nefnt „Nátthagi“ en þó stundum í gæmni „Búfræðingur“ þar sem Samúel Eggertsson búfræðingur og kortagerðamaður tók þátt í að byggja hann. Nátthagar voru nýttir sem aðhald fyrir skeppur en láta þær bera á land með taði sínu. Nátthaginn var fallinn úr notkun um miðja 20. öld en ummerki hans eru enn vel merkanleg á Eyjarendanum. Ef vel er að gáð sjást raunar ummerki um eldra mannvirk í sama stað og hefur því verið fleggt að þar séu fundin ummerki um Ólafarakur, minjastað sem ekki er hægt að staðsetja með vissu en sagan segir að sé tilraun til kornræktar í Flatey sem Ólaf ríka Loftsdóttir hafi staðið fyrir á 15. öld.

13 Akurey

Flatey fylgja eyjar og sker sem nýtt voru á margvislegan hátt s.s. til slagna, þeitar og eggja- og dínatekju. Akurey er ein þessara eyja. Hún er við suðurströnd Flateyjar og gengt er út í hana á fjöru en hún er umhúðin á flóði. Nafn eyjunnar bendir til að þar hafi verið akur og hefur hún líka verið tengd sögnum um kornrækt Ólafar ríku í Flatey á 15. öld. Ekki sjást þó fornleg ummerki um slíka ræktun í Akurey þótt í henni sé hlaðið gerði sem líklegast er kálgarður frá síðari öldum.

14 Stórrabrunn

Búseti í Flatey var háð aðgengi að neysluvatni. Íbúar sóttu neysluvatn sitt í brunna sem þeir grófu víðs vegar um eyjuna. Brunnarnir voru afar mál-jafnir að gedum. Við fornleifaskráningu í Flatey var skráður mikill fjöldi brunna. Brunnarnir voru sumir nafnlausir en af nafngreindum brunnum má t.d. nefna Snorrabrunn í Snorrabrunnsmýri og Ólafarbrunn sem á að draga nafn af Ólafi ríku Loftsdóttur sem átti Flatey á 15. öld.

FRÓÐLEIKSKORT FORNLEIFASTOFNUNAR ÍSLANDS

15 Sjómerki

Þegar gengið er frá bryggjunni við vesturenda Flateyjar og til austurs eftir veginum vekja vörður athygli vegfarenda. Vörðurnar eru gúlmaláðar og sumar með merki í toppinn. Þær eru áberandi enda tilgangur með byggingu þeirra að þær sæjust langt að. Slíkar vörður voru hlaðnar til að auðvelda innisiglingu eða lega skipa. Merkin voru jafnan sett upp þannig að þegar vörðunum þar saman var leið og draga skipa örug. Flatey sjást tvö þór af slíkum vörðum: Annars vegar skammt frá vesturenda eyjunnar og hins vegar vörðupar í Hafnarey (5). Stök varða er einnig sunnan við veginn en þegar hana ber í kirkjuturninn í Flatey er innisigling í núverandi höfn örug.

16 Lómatorn/Stekkjartjörn

Vesturhluti Flateyjar var lengst af nýttur til slagna og úrþeitar og bera minjar og örnefni á svæðinu þess merki. Örnefnið Stekkjartjörn er á svæðinu miðju og nær að Lómatorn sem áður var einmitt nefnd Stekkjartjörn. Þetta bendir til að þar í grennd hafi verið stekkur þótt ekki hafi fundist öggjandi ummerki um hann við skráningu. Stekkir voru notaðir að vorlagi þegar lömbum var stíað frá ánum. Örnefnið Smalaberg þar ofan við bendir einnig til yfirsetu. Þótt engin greinileg stekkjartóft sé á svæðinu eru á því nokkrar tótfir frá ýmsum skeiðum og greinilegust eru ummerki fjárhúsa og hlöðu úr blönduð efni sem byggð voru snemma á 20. öld.

17 Garður forn

Læknishús var byggt upp úr 1950. Það er reist ofan á merktum fornminjum, garðlagi sem er líklega meðal elstu minja sem enn sjást á yfirborði í Flatey. Það liggur þvert yfir eyrna bakka á milli og er einna greinilegast sýst en daufara norðar þar sem það liggur yfir mýri sem var sléttuð á sínum tíma. Til eru heimildir um að garðurinn hafi verið kallaður Akurgarður en líklegast er að hann hafi gegnt því hlutverki að skilja heimalönd í Flatey frá úthögum líkt og annar svipaður garður austar í eyrni (sjá 10).

18 Kálgarðar

Miklir kálgarðar voru í Flatey og í þeim ræktaðar bæði kartöflur og rófur. Heimildir benda til að mikil uppsveifla hafi orðið í ræktuninni um 1800. Margir garðanna báru nöfn, t.d. voru til Hlykkur, Tryggð, Stóri- og Lilji-Brennur. Þessir sem hér sjást hétu Mæðir vestast, þá Erfríður og austast Langur. Sagt er Ólafur Sívertsen hafi látið gera þá, en hann var sóknarprestur í eyrni á árunum 1823-1860.

19 Naust

Sunnan til á Flatey eru nokkrar varir sem hafa verið rúðar, þ.e. grjótt hefur verið hreinsað úr siglingaleið upp í fjöruna þar sem bátum var lent. Helstar eru Garðavör, Hólabúðarvör og vestar pollar þrir: Ysti- Mið- og Innstipollur. Upp af Innstapalli sjást greinilegar dældir í bakkanum og sumstaðar hleðslur á milli þeirra. Þetta eru naust, en í þeim voru bátar geymdir. Líklega hafa elstu lendingar heimaðanna í Flatey verið sunnan á eyjinni.

Sagan

Innsiglingaröð



Klausursteinn



Þlassið



Margt er enn á huldum um landnám í Flatey og byggð þar fyrstu öldum. Viðbendingar um sögu eyjarinnar má þó finna víða ef vel er að gáð. Mjög takmarkaðar fornleifarannsóknir hafa verið gerðar fram að þessu en konunnarskurðir vestan við kirkjuna hafa þó leitt í ljós mikinn öskuhaug (1) sem nær a.m.k. aftur á 13. öld. Dyrbæinastinn sem kemur í ljós í haugnum bendir til að veðir á fiski, flogi og sel hafi verið meig mikilvægur þáttur í afkomu íbúanna frá fyrstu öld. Einnig hafa fundist bein úr nautgripum, sauðfæ og svinnum frá 13.-14. öld.

Einnig má fróast um sögu Flateyjar í rituðum heimildum. Samkvæmt Landnámsbók nam Þrándur mjóbeinn vestureyjar sveiðarfarar og bjó fyrstur Flatey. Klausur var rekið í eyrni á árunum 1172-1184 og er Klausursteinn (9) uppi á haeyjinni talinn viðbending um staðsetningu þess. Örnefni eru einnig til vitnis um mannalið og lífnaðarhætti og benda til dæmis til að akureyja hafi verið stunduð hér á fyrri öldum (13).

Verslun hófst hér snemma og árið 1777 varð Flatey lögð til verslunarstaður. Þegar komið var fram á miðja 19. öld hafði talið verið þéttbýli myndast í eyrni — mest þjuggu hér rúmlega 200 manna í upphafi 20. aldar. Þorpið eða Þlassið (3) sem í dag er helsta kennileiti staðarins myndaðist fyrst í kringum verslun á 18.-19. öld en áður voru helstu býlin sunnar, uppi á háhryggnum vestan og austan við kirkjuna. Til að byrja með þótti mörgum lítil þryði að hinu nýja þlassi og ekki laust við að sumir söknubú gómlu þungamiðu byggðarinnar eins og sést á þessari vísu Bjarna Þórðarsonar:

Áður á eyrni miðri
yfirmenn þjuggu í fríði og tryggð
Nú er við sjönu niðri
nýpprisin herrabyggð
Hin gjörvöll hásaprýði
horfin snjóll ef frá lýði
Svo mannsverk öll
umþreystast og smíði

Verndun svæðisins

Flatey er einstök náttúruperla og vinsæll sumardvalarstaður. Austurhluti Flateyjar var lýstur fríðland 1935 ástund eyjum og höldum sunnan við. Fríðlýsta svæðið er lokað allri umferð um varptímann. Ferðamenn eru beðnir um að sjna tillitsemi og fylgja eftirfarandi reglum:

- > Allar fornleifar eru fríðarar lögum samkvæmt og þeim má ekki raska
- > Sýnið aðgát og athugið að yfirborð göngustiga er misjafnt
- > Fylgið veginum eða merktum gönguleiðum og notið þrírur
- > Sýnið tillitsemi við íbúðar og sumarfjós
- > Hundar eiga ekki að ganga lausir
- > Hendið ekki rusli á víðavangi
- > Öll eggjataka er bönnuð

Um verkefnið

Markmiðið með þessu korti er að vekja athygli á fjölbreyttum minjum og menningarlandslagi í Flatey. Minjar í eyrni spanna alla þá tíð sem búseta hefur varað þar. Þótt lítið sjást nú á yfirborði á elstu bæjarstaðnum er vítað að þar leynast mikil órannsökúð mannvistarlag undir sverði og í þeim eru geymdar sögur af búskap, verslun, sjóskök, líf og dauða. Elstu sýnilegu minjarnar gætu verið frá fyrstu öldum byggðar en þær yngstu af mannvirkjum sem hafa verið í notkun all framundan þennan dag, t.d. kálgarðar á suðurhluta eyjarinnar (18). Á minjakortinu eru dregnar fram sýnilegar minjar frá ýmsum tímum sem eru aðgengilegar en fjölmargir fleiri minjastaðir eru þekktri í eyrni.